



Sjúkdómatrygging

Skilmáli nr. L32

Tryggjandi er Líftryggingafélag Íslands, kt. 570990-1449, hér eftir nefnt „Lífis“. Lífis er í eigu VÍS trygginga hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“. Lífis hefur veitt VÍS umboð til að annast alla þá þjónustu við viðskiptavini Lífis vegna sjúkdómatrygginga samkvæmt skilmála þessum.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. L32.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Sjúkdómatrygging er fjárhagsleg vernd og tryggir þér bætur ef þú greinist með einhverjum þeirra sjúkdóma sem tryggingin nær yfir. Enginn býst við því að missa heilsuna vegna alvarlegra veikinda en staðreyndin er því miður sú að allir geta lent í þeim aðstæðum.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skjalið er ávallt aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Tryggingin tekur til eftirtalinnna sjúkdóma, aðgerða og annarra tjónsatburða samkvæmt ákvæðum skilmálans og skiptast þeir í eftirfarandi fimm bótaflokkka (I.-V.) sem skilgreindir eru í 5. gr. skilmálans:

I.	II.	III.	IV.	V.
Krabbamein	Kransæðastífla/hjartadrep	MS	Blinda	HIV / AIDS
Krabbamein - hlutabætur	Kransæðahjáveituaðgerð	MND	Heyrnarleysi	Líffæraflutningur
Góðkynja heilaæxli	Hjartalokuaðgerð	Heilabilun	Málleysi	Þriðja stigs brunasár
Góðkynja æxli í mænu	Skurðaðgerð á ósæð	Parkinson-sjúkdómur	Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar	Útlimamissir
Beinmergsflutningur	Heilablóðfall/slag		Alvarlegur höfuðáverki	Lömun útlíma
	Nýrnabilun			
	Hjarta eða nýrnaígræðsla			

Hér finnur þú upptalningu á þeim sjúkdómum og aðgerðum sem tryggingin nær yfir en nánar er fjallað um hvað tryggingin bætir í 5. gr. skilmálans.

1. Hver er tryggður?

- 1.1. Tryggður er sá einstaklingur sem nefndur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2. Einnig eru tryggð börn hins tryggða, auk stjúp- og fósturbarna hans sem eiga sama lögheimili og búa á sama stað og hann.

2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1. Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

3. Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- 3.1. Tryggingin tekur gildi þegar VÍS hefur móttekið og metið þær upplýsingar um heilsufar sem óskað er eftir og hinn tryggði hefur samþykkt að kaupa trygginguna með þeim skilmálum sem um hana gilda. VÍS ber ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem þegar höfðu átt sér stað þegar upplýsingar um heilsufar voru veittar ef þessi atvik hefðu komið í ljós við athugun VÍS og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað.
- 3.2. Tryggingin endurnýjast árlega. Tryggingin fellur úr gildi við næstu endurnýjun eftir að tryggður verður 70 ára. Hámarksaldur við kaup á nýrri tryggingu er 59 ár.
- 3.3. Tryggingin tekur til barna, stjúp- og fósturbarna hins tryggða frá þriggja mánaða aldri og lýkur þegar barnið er orðið 18 ára.
- 3.4. Bætur eru ekki greiddar nema bótaskyldur sjúkdómur greinist á því tímabili sem tryggingin er í gildi eða annar atburður sem tryggingin tekur til eigi sér stað á því

Þegar þú kaupir sjúkdómatryggingu fyrir þig ert þú bæði **tryggingartaki** og **tryggður**.

Undir þína tryggingu falla líka **börn þín** frá 3ja mánaða aldri til 18 ára aldurs, sjá 3. gr.

Gættu þess að svara öllum spurningum um heilsufar þitt eftir bestu vitund. Ef þú ert í einhverjum vafa erum við boðin og búin að veita þér aðstoð.



tímabili sem tryggingin er í gildi. Greinist sjúkdómur eftir að trygging hefur fallið úr gildi er VÍS ekki bótaskyld þó að leiða megi líkur að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan tryggingin var í gildi.

3.5. Þegar bætur hafa verið greiddar vegna barns, stjúp- eða fósturbarns nýtur viðkomandi barn ekki lengur verndar úr tryggingunni.

4. Áframhaldandi trygging eftir greiðslu bóta

4.1. Eftir að greiddar hafa verið bætur úr tryggingu skv. 5. gr. gildir tryggingin áfram en ekki eru greiddar bætur:

- Aftur úr þeim bótaflokki, sbr. 5. gr., sem VÍS hefur þegar greitt bætur úr.
- Vegna sjúkdóms eða annarra atburða sem rekja má beint eða óbeint til atburða sem VÍS hefur þegar greitt bætur vegna.

5. Hvað bætir tryggingin?

Sjúkdómar og aðrir atburðir sem tryggingin tekur til, eru skilgreindir í eftirfarandi fimm bótaflokkum (I.-V.), eftir eðli þeirra og tegund:

I. Krabbamein og góðkynja æxli

5.1. Krabbamein

5.1.1. VÍS greiðir bætur vegna greiningar illkynja æxlis sem einkennist af stjórnláusum ífarandi vexti og útbreiðslu. Greiningin skal vera staðfest af sérfræðilækni með vefjagreiningu og flokkuð sem illkynja krabbamein skv. áttundu útgáfu AJCC – TNM flokkunar.¹ Undir skilgreininguna falla illkynja eitlakrabbamein, illkynja beinmergröskun, þ.m.t. hvítblæði.

5.1.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- Staðbundið krabbamein (CIS, TIS), krabbamein sem ekki eru ífarandi, rangvöxtur og öll forkrabbamein.
- Grunnfrumu- og flöguþekjukrabbamein í húð, húðeitolfrumukrabbamein, sarkmeið og dermatofibrosarcoma protuberans í húð.
- Blöðruhálskirtilskrabbamein með Gleason skor <7 eða stigun minni en T2bNOMO.
- Skjaldkirtilskrabbamein með stigun minni en T2NOMO.
- Krabbamein greind á grundvelli þess að æxlisfrumur og/eða æxlistengdar sameindir eða gildi finnast í blóði, munnvatni, hægðum, þvagi eða öðrum líkamsvessum án þess að um sé að ræða frekari óyggjandi klínísk gögn sem unnt er að sannprófa.

5.2. Krabbamein - hlutabætur

5.2.1. VÍS greiðir hlutabætur vegna greiningar á forífarandi krabbameini (pre-invasive) eða krabbameini á frumstigi (early-stage malignancy) sem staðfest er af sérfræðilækni með vefjagreiningu og fjarlæggt með skurðaðgerð.

- Forífarandi krabbamein skulu flokkuð sem carcinoma in situ (CIS), staðbundið æxli (TIS) eða borderline malignancy.
- Krabbamein á frumstigi skulu flokkuð sem krabbamein í samræmi við áttundu útgáfu af AJCC-TNM flokkunarkerfinu.²

5.2.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- Allar blöðrur.
- Grunnfrumu- og flöguþekjukrabbamein í húð, húðeitolfrumukrabbamein, sarkmeið og dermatofibrosarcoma protuberans í húð.
- Rangvöxtur (dysplasia) af gráðu LSIL eða flokkað sem minna en CIN III.
- Forífarandi krabbamein eða krabbamein á frumstigi sem greind eru á grundvelli þess að æxlisfrumur og/eða æxlistengdar sameindir eða gildi finnast í blóði, munnvatni, hægðum, þvagi eða öðrum líkamsvessum án þess að um sé að ræða frekari óyggjandi klínísk gögn sem unnt er að sannprófa.

5.3. Góðkynja heilæxli

5.3.1. VÍS greiðir bætur vegna staðfestrar greiningar góðkynja heilæxlis sem ekki

Hér finnur þú **ítarlega upptalningu** á þeim tegundum krabbameina sem falla undir trygginguna og hvað er undanskilið.

Nema þú sért heilbrigðismenntaður er ekki ólíklegt að þú þurfir **aðstoð** við að skilja hvort lýsing eigi við tiltekna sjúkdómsgreiningu.

Athugaðu að þú getur sótt um að fá greitt 20% af fjárhæð tryggingar vegna **krabbameins á fyrri stigum**.

¹ American Joint Committee on Cancer, AJCC Cancer Staging manual.

² American Joint Committee on Cancer, AJCC Cancer Staging manual.



er skilgreint sem illkynja vöxtur staðsett innan höfuðkúpu. Æxlið verður að vera meðhöndlað með að minnsta kosti einu af eftirfarandi:

- Skurðaðgerð sem fjarlægir meinið að fullu eða að hluta.
- Stereotaktískri aðgerð með útvarpsbylgjum (stereotactic radiosurgery).
- Geislameðferð.
- Ef engin af ofangreindum meðferðum er möguleg af læknisfræðilegum orsökum verður æxlið að hafa valdið viðvarandi skerðingu á heila- eða taugastarfsemi í a.m.k. 3 mánuði frá greiningu. Greining þessi verður að vera staðfest af taugasérfræðingi eða taugaskurðlækni og studd með myndgreiningu.

5.3.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- Allar blöðrur.
- Sýkingar.
- Hnúðar (Granuloma).
- Blóðkúlur (haematomas).
- Æxli í heiladingli.
- Æðaæxli (angiomas).
- Taugaslíðuræxli (schwannoma).
- Taugatrefjaæxli (neurinoma).

5.4. Góðkynja æxli í mænu

5.4.1. VÍS greiðir bætur vegna staðfestrar greiningar góðkynja æxlis í mænu sem ekki er skilgreint sem illkynja vöxtur staðsett í mænu. Æxli verður að vera meðhöndlað með að minnsta kosti einu af eftirfarandi:

- Skurðaðgerð sem fjarlægir meinið að fullu eða að hluta.
- Stereotaktískri aðgerð með útvarpsbylgjum (stereotactic radiosurgery).
- Geislameðferð.
- Ef engin af ofangreindum meðferðum er möguleg af læknisfræðilegum orsökum verður æxlið að hafa valdið varanlegri skerðingu á taugastarfsemi í að minnsta kosti þrjú mánuði frá greiningu. Greining þessi verður að vera staðfest af taugasérfræðingi eða taugaskurðlækni og studd með myndgreiningu.

5.4.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- Allar blöðrur.
- Sýkingar.
- Hnúðar (granuloma).
- Blóðkúlur (haematomas).
- Æxli í heiladingli.
- Æðaæxli (angiomas).
- Taugaslíðuræxli (schwannoma).
- Taugatrefjaæxli (neurinoma).

5.5. Beinmergsflutningur

5.5.1. VÍS greiðir bætur vegna beinmergsflutnings þar sem tryggður hefur þegið beinmerg (allogeneic hematopoietic stem cell transplantation preceded by total bone marrow ablation).

II. Hjarta-, æða- og nýrnasjúkdómar

5.6. Kransæðastífla/hjartadrep

5.6.1. VÍS greiðir bætur vegna kransæðastíflu. Kransæðastífla er drep í hluta hjartavöðvans vegna blóðþurrðar. Greiningin verður að vera staðfest af hjartasérfræðingi. Í greiningunni felst að kransæðastíflan sé staðfest með leiðbeinandi hækkun og/eða lækun á hjartaensímum (trópóníni eða CKMB) og a.m.k. tveimur af eftirfarandi:

- Bráðum einkennum blóðþurrðar t.d. brjóstverkjum.
- Nýjum einkenandi breytingum á hjartalínuriti sem benda til blóðþurrðar, t.d. nýjar ST-T breytingar eða nýtt vinstra greinrof.
- Myndgreining sýnir nýtt drep í hjartavöðva (loss of viable myocardium) eða afbrigðilegar svæðisbundnar veggþreyingar (regional wall motion abnormality).

5.6.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- Stöðug eða óstöðug hjartaöng (angina pectoris).
- Hækkað trópónín án kransæðasjúkdóms t.d. hjartavöðvabólga,

Hér eru upptaldir þeir hjarta-, æða- og nýrnasjúkdómar sem undir trygginguna falla og hvað er undanskilið. Við vitum að þetta er ekki auðskiljanlegt, en það er **mikilvægt að lýsingar séu fræðilegar** til að koma í veg fyrir vafamál.



broddpensluheilkenni (apical ballooning), mar á hjartavöðva (cardiac contusion), lungnablóðrek og lyfjæitrun.

- c) Kransæðastífla/hjartadrep af völdum fíkniefnanotkunar.
- d) Kransæðastífla/hjartadrep sem gerist innan 14 daga frá hjartaþræðingu eða kransæðahjáveituaðgerð.

5.7. Kransæðahjáveituaðgerð

5.7.1. VÍS greiðir bætur vegna hjartaskurðaáðgerðar til að lagfæra þrængingar eða lokun á einni eða fleiri kransæðum með notkun græðlinga (bypass grafts). Hjartaskurðaáðgerð þar sem bringubein er klofið og minni inngrips aðgerðir (partial sternotomy eða thoracotomy) eru bættar. Sýna þarf fram á nauðsyn aðgerðar út frá niðurstöðum hjartasérfræðinga sem studdar eru með kransæðamyndatöku.

5.7.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- a) Kransæðaaðgerðir í gegnum húð (percutaneous coronary interventions) á borð við hjartaþræðingu (coronary angioplasty) og allar aðgerðir innan slagæða (intra-arterial techniques), aðgerðir þar sem notast er við æðalegg (catheter-based techniques) eða laseraðgerðir.

5.8. Hjartalokuaðgerð

5.8.1. VÍS greiðir bætur vegna skurðaáðgerðar sem framkvæmd er til að laga hjartaloku eða koma fyrir gervilokum í stað einnar eða fleiri hjartaloka. Aðgerðin verður að vera skilgreind sem læknisfræðileg nauðsyn af hjartasérfræðingi og studd með hjartaómskoðun eða niðurstöðum hjartaþræðingar.

5.8.2. Eftirfarandi aðgerðir falla undir framangreinda skilgreiningu:

- a) Hjartalokuskipti eða viðgerð með fullri opnun bringubeins (full sternotomy), hálfri opnun bringubeins (partial sternotomy) eða brjósthollsskurði (thoracotomy).
- b) Ross aðgerð.
- c) Lagfæring hjartaloku gegnum æðaþræðingu (valvuloplasty).
- d) Ísetning ósæðarloku með æðaþræðingartækni (transcatheter aortic valve implantation).

5.8.3. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- a) Mitralokuklipping með æðaþræðingartækni (transcatheter mitral valve clipping).

5.9. Skurðaáðgerð á ósæð

5.9.1. VÍS greiðir bætur vegna skurðaáðgerðar til að laga þrængingu, teppu, ósæðargúlp eða flysjun á ósæð. Minni inngrips aðgerðir eins og innanæðar viðgerð (endovascular repair) eru einnig bættar. Aðgerðin verður að vera skilgreind sem læknisfræðileg nauðsyn af hjartaskurðlækni og studd með myndrannsóknum. Með ósæð er vísað til hinnar eiginlegu ósæðar í brjóst og kviðarholi en ekki hliðargreina hennar.

5.9.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- a) Skurðaáðgerð á ósæð vegna ættgengra bandvefssjúkdóma t.d. Marfan- og Ehlers-Danlos heilkenna.
- b) Aðgerð í kjölfar áverka á ósæð vegna slyss.

5.10. Heilablóðfall/slag

5.10.1. VÍS greiðir bætur vegna dreps í heilavef í kjölfar blóðþurrðar eða blæðingar í heila sem leiðir til eftirfarandi:

- a) Skyndilegs upphafs nýrra taugaeinkenna sem eru lýsandi fyrir heilablóðfall.
- b) Nýrra hlutlægra taugafræðilegra einkenna sem koma fram við klíniska skoðun og vara samfellt í a.m.k. 60 daga í kjölfar greiningar á heilablóðfalli (stroke).
- c) Nýrra breytinga á tölvusneiðmynd eða segulómun, ef þær eru framkvæmdar, og niðurstöður eru í samræmi við klínisku greininguna.

5.10.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- a) Skammvinnt blóðþurrðarkast í heila (TIA).
- b) Áverkar á heilavef eða heilaæðum.
- c) Ný blæðing í heilaskemmdum sem þegar eru til staðar (secondary haemorrhage into a pre-existing cerebral lesion).
- d) Tilfallandi greining afbrigða í myndrannsókn án greinilegra tengdra klínískra einkenna og taugaeinkenna.



5.11. Nýrnabilun

5.11.1. VÍS greiðir bætur vegna krónískrar og óafturkræfrar nýrnabilunar beggja nýrna, sem leiðir annað hvort til reglubundinnar nýrna- eða kviðskilunar eða nýrnaígræðslu. Skilunin þarf að vera læknisfræðileg nauðsyn og staðfest af nýrnasérfræðingi.

5.11.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

a) Bráð afturkræf nýrnabilun sem krefst nýrnaskilunar til skemmri tíma.

5.12. Hjarta- eða nýrnaígræðsla

5.12.1. VÍS greiðir bætur vegna ígræðslu þar sem tryggður hefur þegið hjarta eða nýra.

III. Tauga- og hrörnunarsjúkdómar

5.13. MS sjúkdómur (heila- og mænusigg)

5.13.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar MS sjúkdóms staðfestri af sérfræðingi í taugasjúkdómum sem studd er af öllum eftirfarandi viðmiðum:

a) Hlutlægri klínískri skerðingu á hreyfi- eða skynfærum, sem verður að hafa verið til staðar samfelt í a.m.k. 6 mánuði.

b) Skellur í heila eða mænu sem eru staðfestar með segulóm skoðun:

- Á mismunandi stöðum í miðtaugakerfinu (dreifð staðsetning).
- Á mismunandi tímum (dreifð tímasetning) annað hvort sem nýjar skellur í heila eða mænu sem eru staðfestar með segulóm skoðun eða nýjum klínískum skerðingum á hreyfi- eða skynfærum.

5.13.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

a) Óstaðfestur MS sjúkdómur og taugafræðilega eða myndgreiningarlega einangruð einkenni sem benda til MS sjúkdóms en eru ekki greinandi fyrir sjúkdóminn.

b) Einangruð sjóntaugabólga (optic neuritis) og sjóntauga- og mænubólga (neuromyelitis optica).

5.14. MND (hreyfitaugungahrörnun)

5.14.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar MND, þ.e. blönduð hreyfitaugungahrörnun (ALS), frumhrörnun hreyfitaugunga (PLS), ágeng visna (PMA), mænukýlfulömum (PBP) og spinal muscular atrophy (SMA). Greining sjúkdómsins verður að vera framkvæmd af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

5.15. Heilabilun

5.15.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar á heilabilun (dementia), þar með talinn er Alzheimer sjúkdómur, fyrir 60 ára aldur. Sjúkdómurinn skal hafa leitt til varanlegrar skerðingar á vitsmunalegri getu með stigvaxandi versnun á minni, rökhugsun, skilning, skynjun og tjáningu. Þörf skal vera fyrir stöðuga umönnun og eftirlit af heilbrigðismenntuðum einstaklingi.

5.15.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

a) Aðrar tegundir heilabilana af völdum heila, líkamlegra sjúkdóma eða geðraskana.

5.16. Parkinsonsjúkdómur

5.16.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar Parkinsonsjúkdóms af óþekktum uppruna fyrir 60 ára aldur sem staðfestur er af sérfræðingi í tauga- eða öldrunarlækningum. Staðfesta þarf varanleg klínísk einkenni um bradykinesia og a.m.k. eitt af eftirfarandi einkennum: skjálfti, vöðvastífleiki eða óstöðugleiki.

5.16.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni eru Parkisonian heilkenni, þar með talin en ekki takmörkuð við þau sem orsakast af áfengi eða lyfjum.

IV. Blinda, heyrnarleysi, málleysi og tengdir atburðir

5.17. Blinda

5.17.1. VÍS greiðir bætur vegna afgerandi, varanlegs og óafturkræfs missis sjónar á báðum augum vegna sjúkdóms eða slyss. Sjónskerðingin skal staðfest af sérfræðingi í augnlækningum eftir bestu leiðréttingu á betra auganu og niðurstöður skulu sýna annað hvort:

a) Sjónmælingu 3/60 eða minna (0,05 eða minna í tugabrotum).

b) Sjónsvið sé minna en 10° í þvermál.

Ákveðnir tauga- og hrörnunarsjúkdómar falla undir trygginguna. Athugaðu að **tiltekin greining verður þó að liggja fyrir** svo til þess komi að bætur verði greiddar úr tryggingunni.



- 5.18. Heyrnarleysi**
- 5.18.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlaus, varanlegs og óafturkræfs heyrnarmissis á báðum eyrum vegna sjúkdóms eða slyss. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnalækningum og studd af heyrnarmælingu þar sem mörk heyrnar eru að meðaltali yfir 90 desibel á 500, 1000 og 2000 Hz þess eyra þar sem heyrn er betri.
- 5.19. Málleysi (loss of speech)**
- 5.19.1. VÍS greiðir bætur vegna algers og varanlegs málleysis af völdum slyss eða sjúkdóma. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðilækni.
- 5.19.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
- a) Málleysi sem rekja má til sálrænna kvilla.
- 5.20. Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar**
- 5.20.1. VÍS greiðir bætur vegna ótvíræðrar greiningar heilahimnubólgu af völdum bakteríusýkingar sem leitt hefur til varanlegrar skerðingar á taugastarfsemi. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum og studd með ræktun sjúkdómsvaldandi baktería frá heila- og mænuvökva.
- 5.21. Alvarlegur höfuðáverki (major head trauma)**
- 5.21.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar á alvarlegum höfuðáverka sem veldur truflun á heilastarfsemi. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum og studd með myndgreiningu á taugakerfi með annað hvort tölvusneiðmynd eða segulómun. Höfuðáverkinn verður að valda því að tryggður er varanlega ófær um að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri eftirfarandi athafnir: baða sig, klæðast/afklæðast, komast á milli herbergja, flytja sig á milli rúms og stóls, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum og borða. Staðfesta verður læknisfræðilega að þessar aðstæður hafi varað í a.m.k. 3 mánuði með verulega litlum möguleika á bata.
- 5.21.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
- a) Alvarlegur höfuðáverki sem rekja má til sjálfsskaða, áfengis- eða eiturlyfjanotkunar

V. Aðrir tryggingaratburðir

- 5.22. HIV / AIDS**
- 5.22.1. VÍS greiðir bætur vegna smits af völdum HIV veiru eða staðfestrar greiningar á alnæmi (AIDS), sem rekja má til einhvers af eftirtöldu:
- 5.22.1.1. Blóð- eða blóðhlutagjafar sem var læknisfræðileg nauðsyn, framkvæmd eftir að tryggingin tók gildi og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- a) Stofnunin eða blóðbankinn sem lagði til og gaf blóð eða blóðhlutana er opinberlega viðurkennd sem slík af heilbrigðisyfirvöldum.
- b) Heilbrigðisstofnunin þar sem blóð- eða blóðhlutagjöfin var gerð viðurkennir ábyrgð sína.
- c) HIV veiran verður að vera greinanleg í blóði 12 mánuðum frá blóð- eða blóðhlutagjöfinni.
- 5.22.1.2. Atburðar sem varð á gildistíma tryggingarinnar við skyldustörf í heilbrigðisþjónustu, sjúkra- og slökkviliði, fangavörslu eða lögreglu og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- a) Atburð skal tilkynnt formlega til vinnuveitanda.
- b) Blóðsýni verður að taka innan 5 daga frá atburðinum.
- c) Leggja þarf fram annað mótefnapróf innan 12 mánaða sem staðfestir HIV veiran hafi komið fram eða að HIV mótefni séu til staðar.
- 5.22.1.3. Líkamsárásar sem tryggður verður fyrir á Íslandi á gildistíma tryggingarinnar og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- a) Árásin verður að hafa verið tilkynnt til lögreglu innan 5 daga.
- b) Blóðsýni verður að taka innan 5 daga frá árásinni.
- c) Leggja þarf fram annað mótefnapróf innan 12 mánaða sem staðfestir að HIV veiran hafi komið fram eða að HIV mótefni séu til staðar.
- 5.22.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
- a) HIV smit vegna annarra smitleiða, t.d. vegna eiturlyfjanotkunar eða kynlífs.
- 5.23. Líffæraflutningur**
- 5.23.1. VÍS greiðir bætur vegna líffæraflutnings þar sem tryggður hefur þegið eftirfarandi frá annarri manneskju:
- a) Lungu, lifur, bris, eða smágirni.

Ef þú ert í vafa um hvort sjúkdómsgreining falli undir einhvern bótaflokk tryggingarinnar erum við **alltaf til staðar fyrir þig.**



- b) Andlit, hönd, handlegg eða fót, að hluta eða öllu leyti (composite tissue allograft transplantation).
- 5.23.2. Ástand sem leiðir til ágræðslu eða ígræðslu verður að vera dæmt fullkomlega ólæknalegt og staðfest sem slíkt af sérfræðilækni.
- 5.24. **Þriðja stigs brunasár**
 - 5.24.1. VÍS greiðir bætur vegna þriðja stigs brunasára sem þekja að minnsta kosti 20% af yfirborði líkamans skv. skilgreiningu The Rule of Nines eða Lund and Browder Chart. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðilækni.
- 5.25. **Útlímamissir (loss of limbs)**
 - 5.25.1. VÍS greiðir bætur vegna varanlegs missis tveggja eða fleiri útlíma ofan eða við úlnlið eða ökklið.
- 5.26. **Lömun útlíma**
 - 5.26.1. VÍS greiðir bætur vegna algerrar og óafturkræfrar lömunar tveggja eða fleiri útlíma af völdum slyss eða sjúkdóms í heila eða mænu. Greining skal vera staðfest af sérfræðingi í taugalækningum og vera skilgreind sem tvílömun, helftarlömun eða ferlömun.

6. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 6.1 VÍS greiðir ekki bætur vegna:
 - 6.1.1. Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tjónsatburðar sem rekja má beint eða óbeint til ástands barns, stjúp- eða fósturbarns fyrir gildistöku tryggingarinnar, þar sem VÍS aflar ekki upplýsinga um heilsufar barna hins tryggða. Um kjörbörn gildir enn fremur að VÍS er ekki bótaskyld ef hægt er að rekja sjúkdóm til ástands sem barnið var haldið áður en það var ættleitt.
 - 6.1.2. Krabbameins, MS sjúkdóms, heyrnarmissis, og heilahimnubólgu, sem greinist á fyrstu 3 mánuðum eftir gildistöku tryggingarinnar. Þetta á þó ekki við ef tryggður var fyrir með sambærilega tryggingu, bæði hvað varðar bótasvið og tryggingarfjárhæðir, sem sagt er upp samhliða gildistöku tryggingarinnar.
 - 6.1.3. Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tjónsatburðar ef tryggður lifir ekki a.m.k. í 30 daga frá því að hann greindist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar tjónsatburður átti sér stað. Sama gildir um tryggð börn, stjúp- og fósturbörn.
 - 6.1.4. Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tjónsatburðar sem beint eða óbeint er af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaútgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
 - 6.1.5. Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tjónsatburðar sem beint eða óbeint er af völdum jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.
 - 6.1.6. Sjúkdóms, nema greining hafi verið samþykkt af sérfræðingi á Íslandi í viðkomandi sérgrein.
 - 6.1.7. Tjónsatburðar ef hann er afleiðing af tilraun til sjálfsvígs sem á sér stað innan árs frá því að tryggingin öðlaðist gildi.

7. Tryggingarfjárhæð

- 7.1 Fjárhæð tryggingar kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Fjárhæð tryggingar barns er 50% af þeirri fjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Hámark bóta vegna hvers barns er kr. 12.350.000.³ Séu í gildi hjá VÍS fleiri en ein sjúkdómatrygging foreldra þar sem bótaréttur vegna tjóns-atburðar er til staðar, greiðast bætur hlutfallslega eftir fjárhæðum trygginga upp að framangreindu hámarki.
- 7.3 Greiðslur bóta úr tryggingunni vegna barna, stjúp- og fósturbarna hafa ekki áhrif á fjárhæð tryggingar annarra tryggðra. Bætur greiðast beint til barna, stjúp- og fósturbarna ef viðkomandi hefur náð 18 ára aldri við útgreiðslu.
- 7.4 Hlutabætur skv. gr. 5.2.1 eru 20% af tryggingarfjárhæð og fást aðeins greiddar einu sinni að uppfylltum þeim skilyrðum sem koma fram í skilmála en geta þó aldrei numið hærri fjárhæð en kr. 3.000.000. Ef tryggður öðlast síðar rétt til fullra bóta skv. gr. 5.1 greiðast eftirstöðvar tryggingarfjárhæðarinnar.
- 7.5 Hafi tryggður fengið greiddar bætur úr tryggingunni í samræmi við gr. 5.2.1 hefur sú greiðsla ekki áhrif á fjárhæð tryggingar annarra tryggðra.
- 7.6 Fjárhæð tryggingar hækkar við endurnýjun í samræmi við breytingu á vísitölu

Athugaðu að ekki eru greiddar bætur vegna ástands áður en trygging tekur gildi og að tímafrestir og utanaðkomandi atburðir geta í ákveðnum tilvikum takmarkað bótaskyldu.

Fjárhæð tryggingar segir til um hámark þeirra bóta sem greiðast greinist þú með sjúkdóm sem tryggingin nær yfir.

Þessa fjárhæð velur þú en að sjálfsögðu aðstoðum við þig við að finna þá fjárhæð sem þér hentar.

³ Miðað við vísitölu neysluverðs í júlí 2015, 430,0 stig.



neysluverðs. Lækki vísitalan hefur það ekki áhrif til lækkunar á fjárhæð tryggingar.

- 7.7 Hámarksbætur samsvara þeirri tryggingarfjárhæð sem var í gildi þegar tjónsatburður varð að viðbættri hækkun í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá síðustu endurnýjun til greiningardags.

8. Réttur til hækkunar á fjárhæð tryggingar

- 8.1 Ef verð fyrir trygginguna er ekki hærra en grunnverð skv. gjaldskrá VÍS getur tryggður sótt um hækkun á fjárhæð tryggingar án þess að veita frekari upplýsingar um heilsufar sitt innan 6 mánaða frá því hann eignast barn eða ættleiðir barn yngra en 18 ára á gildistíma tryggingar. Þessi réttur fellur niður við 45 ára aldur hins tryggða. Hámarkshækkun er 25% af fjárhæð tryggingar, en þó að hámarki kr. 5.000.000⁴, fyrir hvert barn og aðeins er hægt að nýta þennan rétt fyrir fjögur börn.
- 8.2 Ef hinn tryggði kaupir fasteign á gildistíma tryggingar hefur hann rétt á að hækka fjárhæð tryggingar að hámarksfjárhæðum. Hægt er að nýta þennan rétt einu sinni með því að veita þær upplýsingar um heilsufar sem óskað er eftir ásamt staðfestingu á fasteignakaupum. Þessi réttur fellur niður við 50 ára aldur.
- 8.3 Við hækkun fjárhæðar tryggingar hækkar verð fyrir trygginguna samkvæmt gjaldskrá VÍS og tekur gildi á næsta gjalddaga.
- 8.4 Ekki er hægt að nýta þennan rétt þegar tilkall hefur verið gert til bóta eða tryggður hefur greinst með einhverjum þeirra sjúkdóma eða gengist undir einhverja þeirra aðgerða sem skilgreindar eru í 5. gr.

Kynntu þér rétt þinn til hækkunar á fjárhæð tryggingar ef þú eignast barn.

9. Verð

- 9.1 Verð tryggingar breytist við endurnýjun í hlutfalli við breytingu á fjárhæð tryggingar samkvæmt vísitölu neysluverðs.
- 9.2 VÍS áskilur sér rétt til að breyta verði við endurnýjun tryggingar með hliðsjón af almennri áhættubreytingu og öðrum þeim orsökum sem valda röskun á bótagrundvellingum.

10. Greiðslufrelsi

- 10.1 Hafi tryggður verið metinn til a.m.k. 50% örorku í 6 mánuði eða lengur af Tryggingastofnun ríkisins eða sambærilegri stofnun erlendis, öðlast hann rétt til greiðslufrelsis tryggingar frá þeim tímapunkti og í þann tíma sem örorka varir.
- 10.2 Réttur til greiðslufrelsis getur að hámarki varað í 5 ár, ekki lengur en til 65 ára aldurs og ekki vegna atburða sem eru bótaskyldir samkvæmt 5. gr. skilmálans. Greiðslufrelsi tryggingar er ekki veitt til lengri tíma en eins árs aftur í tímann frá því að umsókn um greiðslufrelsi barst VÍS.
- 10.3 Full örorka veitir rétt til fulls greiðslufrelsis tryggingar og 50% örorka eða meira til hlutfallslegrar lækkunar greiðslu fyrir tryggingu.
- 10.4 Skila þarf inn umsókn um greiðslufrelsi. Henni þarf að fylgja afrit örorkuskírteinis eða staðfesting á örorku og örorkutímabili frá Tryggingastofnun ríkisins eða sambærilegri stofnun erlendis, VÍS að kostnaðarlausu.
- 10.5 Tryggður skal tilkynna VÍS um leið og breyting verður á metinni örorku. VÍS getur ávallt krafist upplýsinga um heilsufar hans meðan hann nýtur greiðslufrelsis svo og læknisskoðunar á sinn kostnað.

Kynntu þér rétt þinn til að sleppa tímabundið við að greiða af tryggingunni ef þú missir starfsorku.

11. Sálfræðiaðstoð

- 11.1 Tryggður á rétt á sálfræðiaðstoð við bótaskyld tjón. VÍS greiðir kostnað við allt að tvo viðtalstíma hjá sálfræðingi á Íslandi. VÍS greiðir aðeins viðtalskostnað en annar kostnaður svo sem ferðakostnaður er ekki greiddur. Nauðsynlegt er að fá samþykki VÍS áður en aðstoðar er leitað. Meðferð skal vera lokið innan 6 mánaða frá uppgjöri bóta.

Það er mikilvægt að gæta að andlegu hliðinni þegar eitthvað bjátar á. Þess vegna auðveldum við þér að fá sálfræðiaðstoð.

12. Tilkynning um tjónsatburð

- 12.1 Þrátt fyrir ákvæði í almenna skilmála VÍS YY10 glatar tryggður ekki rétti til bóta ef hann tilkynnir VÍS um kröfu sína innan tveggja ára frá því að hann vissi um atvik sem krafan er reist á.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.

⁴ Miðað við vísitölu neysluverðs í júlí 2021, 503,5 stig.